

Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík
b.t. skrifstofu lýðheilsu og vísinda

Reykjavík, 10. mars 2025

Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1143/2019 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1143/2019 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði (hér eftir „reglugerðin“) sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda 3. febrúar sl. Með reglugerðinni er lögð til breyting á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga þegar kemur að lyfjakostnaði.

FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

Varðandi breytingar á 8. gr. reglugerðarinnar

Það er fagnaðarefni að fella eigi á brott ákvæði um skilyrta greiðsluþátttöku með 6. gr. draganna en eins og kemur fram í samráðsgátt um breytingarnar þá er það vinnusparandi fyrir sjúkratryggingar, en ekki síður fyrir lækna og starfsfólk apóteka. Auk þess eykur það sanngirni í greiðsluþáttökukerfi lyfja þar sem eðlilegt sé að sambærileg greiðsluþátttaka, hið minnsta, ætti að vera í þeim lyfjum sem eru utan þess þaks sem miðað er við hverju sinni og þeim lyfjum sem eru innan þess.

Breytingar á 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar

Í starfshóp sem fjallaði um Hvítbók um lyfjafræðilega þjónustu í apótekum¹ var einhugur um að auka nýtingu neyðarafhendingar lyfja í stað þess að lánveita lyf út á væntanlegan lyfseðil. Þessi afstaða var samhljóma meðal allra aðila hópsins, þar á meðal Lyfjastofnunar, Heilbrigðisráðuneytisins og annarra þátttakenda. Lagaheimild til slíkrar framkvæmdar er til staðar, en notkun hennar er takmörkuð af ákvæði í gildandi reglugerð sem kveður á um að sjúkratryggingar taki ekki þátt í kostnaði við neyðarafhendingu lyfja. Hvetur FA til að breytingar sem lagðar eru til með d-lið 9. gr. draganna verði endurskoðaðar í samræmi við niðurstöður Hvítbókarstarfshópsins.

Athugasemdir varðandi reglugerðarbreytingar í heild sinni

Reglugerðarbreytingar sem hér um ræðir fela í sér jákvæðar breytingar varðandi greiðsluþátttöku lyfja og fagnar FA breytingunum. Þó vill FA koma því á framfæri að óljóst er hvernig fylgja á breytingu á 6. gr. reglugerðarinnar í framkvæmd. Tilgangurinn er að tryggja að sjúklingar fái greiðsluþátttöku fyrir þau lyf sem eru notuð í ábendingu og viðeigandi

¹ Stöðumat á lyfjafræðilegri þjónustu íslenskra apóteka í samanburði við nágrannalönd og tillögur, skýrsla starfshóps – hvítbók, desember 2024, <https://samradapi.island.is/api/Documents/ac8d60cf-dbcc-ef11-9bc9-005056bcce7e>

skammtastærðum. Hins vegar eru ýmsar spurningar sem vakna um framkvæmdina og eftirlitið með þeim breytingum sem lagðar eru til.

Ein af helstu áskorunum að mati FA er hvernig stöðva skuli greiðsluþátttöku fyrir lyf sem ekki uppfylla skilyrðin. Er það starfsfólk apóteka sem ber ábyrgð á að stöðva greiðsluþátttöku, eða liggur sú ábyrgð hjá öðrum aðilum innan heilbrigðiskerfisins? Þarf lækni að setja inn greiðsluáþendinguna sérstaklega, og ef svo er, hvernig er tryggt að það sé gert á réttan hátt? Nauðsynlegt er að hafa skýrar verklagsreglur um hvernig skuli að framfylgja þessu. Finnst FA því mikilvægt að þetta verði skýrt enn frekar.

Virðist vera, með breytingunum, að stuðlað sé enn frekar við innleiðingu á miðlægum lyfjakortum, sem er skref í jákvæða átt, en nauðsynlegt er að tryggja að það verði virkt og nýtt á skilvirkan hátt. Í því samhengi er mikilvægt að lækni geti skráð allar nauðsynlegar upplýsingar í kerfið og að það tryggi sjálfkrafa að sjúklingur fái greiðsluþátttöku þegar áþending er til staðar. Til þess að þetta gangi upp þarf kerfið að geta greint hvort lyfjaávísun uppfylli skilyrðin og að samræming sé á milli skráninga lækna og úrvinnslu apóteka.

Þó að breytingarnar séu jákvæðar er ljóst að upplýsingakerfi þurfa að geta talað saman og tryggt að öll skilyrði séu uppfyllt án óþarfa hindrana. Nauðsynlegt er að skilgreina skýrt hvernig kerfin eiga að vinna saman og hver beri ábyrgð á að tryggja að greiðsluþátttaka fari fram í samræmi við nýjar reglur.

Auk þess væri vert að skoða hvort breytingarnar gætu náð yfir fleiri sambærileg leyfisskyld lyf, til að tryggja samræmda framkvæmd og jafna meðhöndlun allra sjúklinga.

Þá er einnig mikilvægt að huga að ábyrgð lækna varðandi lyfjaávísanir og greiðsluþátttöku. Eins og breytingarnar eru núna er líklegt að aukið álag verði á læknum landsins vegna greiðsluþátttöku. FA telur að útfæra þurfi reglugerðina enn betur m.t.t. þessa. Ef breytingarnar eiga að skila tilætluðum árangri þarf framkvæmdin að vera raunhæf og skýr fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

Að öllu samanteknu þykir FA um jákvæðar breytingar vera að ræða sem veita sjúklingum aukinn rétt til greiðsluþátttöku, en til að tryggja að þær gangi eftir þarf að vera skýrt hvernig eftirliti verður háttáð, hver beri ábyrgð og hvernig kerfin muni tryggja að réttur aðili fái réttan stuðning.

Virðingarfyllt,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur